

Sameiginlegur fundur Umhverfisnefndar Heiðarskóla og USN nefndar Hvalfjarðarsveitar 7. apríl klukkan 11:00

Mættir frá Heiðarskóla: Gabríel, Císa, Bjartey, Brynja Dís, Ísar, Eyrún, Erna, Júlíus, Helena, Sigga V, Sigga Lára

Mættir frá USN nefnd Hvalfjarðarsveitar: Arnheiður, Daníel, Ása, Ólafur.

- Umræður um hlutverk Umhverfisnefndar Heiðarskóla.

- Erindi til sveitarfélagsins um aðkomu við fjöruhreinsun á Degi umhverfisins þann 25. apríl n.k.

Fulltrúar USN nefndar fögnuðu erindi Umhverfisnefndar Heiðarskóla og vilja fúslega taka þátt í verkefninu. Ungmennafélag Hvalfjarðarsveitar hefur einnig áhuga á að taka þátt og ákveðið að bjóða foreldrum og öðrum áhugasömum að vera með. Ákveðið að hreinsa fjöruna frá Laxá að Fellsöxl og um leiða að njóta og læra um lífríki og sérstöðu Grunnafjarðar.

Grunnafjörður er mikilvægt svæði fyrir farfugla á Íslandi og hann hefur hlotið svokallaða Ramsarfriðun sem snýr að friðun svæða í heiminum sem eru mikilvæg fyrir fjölbreytt farfuglalíf. Ramsar er borg í Íran og þar var einmitt samþykkt að Grunnafjörður nyti þessarar friðunar.

Ýmsar hugmyndir ræddar um fyrirlesara á umhverfisráðstefnunni t.d. erindi frá Bláa hernum, erindi um Grunnafjörð og erindi um fjörunytjar.

Umhverfisnefnd Heiðarskóla er þakklát fyrir góðar viðtökur USN nefndar Hvalfjarðarsveitar og fagnar aðkomu þeirra að verkefninu. Sömu leiðis ítrekaði USN nefndin ánægju sína með erindi Heiðarskólaneftdarinnar.

USN nefnd sveitarfélagsins sagði Umhverfisnefnd Heiðarskóla frá sínum störfum.

- Prófkir af fjölnota pokum sýndar og endanlegt útlit ákveðið. Boltinn hjá sveitarfélaginu sem mun senda pokana við fyrsta tækifæri í framleiðsluferli.

- Almenn ánægja með sameiginlegan fund þessara nefnda og ákveðið að hittast aftur að ári.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11:50